

# Grunnskóli Grindavíkur og auðlindir grenndarsamfélagsins



## Sprotasjóðsverkefni 2014 – 1025

Lokaskýrsla

## Grunnskóli Grindavíkur

### Grunnskóli Grindavíkur og auðlindir grenndarsamfélagsins

#### Verkefnisstjóri Guðbjörg M. Sveinsdóttir

## Þakkir

Þessi skýrsla er unnin samkvæmt ramma Sprotasjóðs og nokkrar myndir voru settar inn sem sýna nemendur við vinnu í umhverfisverkefnum og útinámi. Skýrslan verður birt á heimasíðu skólans og eins verður hún notuð við kynningar á verkefninu. Fyrir hönd starfsfólks og nemenda í Grunnskóla Grindavíkur þakka ég stjórn Sprotasjóðs kærlega fyrir styrkveitinguna. Hún gerði okkur kleift að hefja starf við Grænfánaverkefnið, útikennslu og útinám auk þess að hefja samstarf við aðrar stofnanir og fyrirtæki að breyttri ímynd í umhverfismálum. Þessi vinna hefur opnað ótal möguleika og skapað tækifæri til áframhaldandi starfs.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, verkefnisstjóri

## Markmið verkefnisins

Í endurskoðaðri Skólustefnu Grindavíkurbæjar frá 17.des. 2013 kemur fram áhersla á að öflugt samstarf ríki milli skóla í sveitarfélaginu og þeirra aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna. Í skólustefnunni setur Grindavíkurbær sér það markmið í umhverfismálum að nýta til fullnustu þá möguleika sem felast í þeirri auðlind sem býr í grenndarsamfélaginu með það að markmiði að byggja upp jákvætt viðhorf og virðingu milli nemenda og samfélags.

### Markmið

1. Skólinn setur sér það markmið að fá Grænfánann. Í starfinu felst að stofna umhverfisnefnd skólans, meta stöðu umhverfismála í skólanum, gera áætlun um aðgerðir og markmið til umhverfisbóta í skólanum. Auk þess þarf að sinna stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum, fræða nemendur um umhverfismál og kynna umhverfisstefnuna út á við og fá aðra með. Setja þarf skólanum formlega umhverfisstefnu.
2. Vinna að því að tengja umhverfismál og útikennslu inn í allt skólastarfið samkvæmt skólanámskrá sem er í endurskoðun skólaárið 2013 – 2014. M.a. er í vinnslu listi yfir svæði í næsta nágrenni skólans sem nýtast kennslu. Þar eru settar fram hugmyndir um hvað hægt er að gera í tengslum við útikennslu. Hvaða fög er hægt að tengja við svæðin og hvað er hægt að gera á þeim.
3. Auka samstarf við Leikskólann Laut og Leikskólann Krók um umhverfismál og útikennslusvæði.
  - a. Hanna 2 – 3 útikennslusvæði – í fjörunni, inni í bænum og úti í skógi.

## Sprotasjóðsverkefni 2014-2015 - Lokaskýrsla

4. Byggja upp samstarf við umhverfisvænan skóla í Piteå í Svíþjóð. Piteå er vinabær Grindavíkurbæjar. – Stefnt að því að vinna verkefni sem hafa áhrif á samfélagið sem við búum í – Grindavíkurbæ.
5. Byggja upp samstarf skólans við Reykjanes jarðvang- Reykjanes Geopark Project. Jarðvangar eru áhugaverð svæði vegna ýmissa hluta, s.s. rannsókna, fræðslugildis, fjölbreytilegrar náttúru, sjaldgæfra jarðminja o.s.frv. Markmið jarðvanga er að bæta viðhorf og þekkingu á jarðminjum og náttúru, byggja upp jarðfræðiferðamennsku t.d. með uppsetningu fræðsluskilta, bæta merkingar á gönguleiðum, gefa út þjónustu- og/eða gönguleiðakort o.frv. Jarðvangur byggir á þátttöku heimamanna og hefur skýra stefnu um sjálfbæra þróun.



### Leiðir að markmiðum

Haustið 2014 var stofnaður verkefnahópur um Grænfánaverkefnið. Hópurinn fékk það hlutverk að meta stöðu skólans í umhverfismálum og stofna umhverfisnefnd fyrir skólann. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði og vann saman að þessum verkefnum. Hópurinn fór yfir stefnu sveitarfélagsins og sorpeyðingarstöðvar varðandi endurnýtingu og eyðingu sorps. Skipt var um handþurrkur við alla vaska í skólanum en það sparar mikinn pappír. Einnig var skipt um sápuhylki og nú er notuð sápa sem er meiri hlutinn vatn og örlítill sápa. Lögð var áhersla á umgengni starfsfólks um stofnunina, slökkt á vélum og ljósum sem ekki eru í notkun. Allir starfsmenn fengu merka glerbolla í stað einnota íláta. Starfsmenn sem vinna við þrif fóru vel yfir efnanotkun og keyptar eru vörur sem eru umhverfisvænar. Sveitarfélagið tók þátt og bauð upp á endurvinnslutunnur við íbúðarhús. Endurnýjaðir voru prentarar/ljósritunarvélar, keyptur tækjabúnaður sem heldur utan um pappírnotkun starfsmanna og nemenda með það að markmiði að spara pappír og prentkostnað og minnka ljósritun. Verkefnið heldur áfram á þessu skólaári og verður unnið að skipulagningu endurvinnslumála fyrir skólann. Unnið er áfram að verkefninu í samræmi við gátlista frá Landvernd. Stefnt er að Grænfánanum vorið 2016.

## Sprotasjóðsverkefni 2014-2015 - Lokaskýrsla

Verkefnahópur var stofnaður um útikennslu/útinám. Unnið var að skráningu svæða í næsta nágrenni skólans sem nýtast til kennslu. Markmið útikennslu voru skilgreind inn í ýmsar greinar í ýrri skólanámskrá og í stefnu skólans. Í stefnu skólans segir m.a.

*Skólinn er staðsettur í nánd við fjölbreytta náttúru og því mikilvægt að nýta sér nærumhverfi til kennslu og samveru með nemendum. Við hugum vel að heilsu allra nemenda og starfsmanna og veljum heilbrigða lífshætti. Hollt mataræði, hreyfing og hvíld hefur jákvæð áhrif. Til að efla heilbrigði og vellíðan skiptir miklu máli að finna fyrir samkennd, stuðningi og virðingu. Einnig er mikilvægt að eiga samleið með öðrum, njóta viðurkenningar og geta tilheyrt hópnum.*

Einnig segir:

*Lögð er áhersla á tengsl nemenda við nærsamfélag skólans. Nærsamfélag skólans er bæði landræðilegt, bæði náttúra og mannert umhverfi og félagslegt, svo sem fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félög, samtök og vinahópar. Tengsl nemenda eru með ýmsum hætti bæði í tengslum við ákveðið námsefni og einnig í tengslum við eflingu ákveðinnar færni nemenda. Verið er að skipuleggja útikennslusvæði í tengslum við bæjaryfirvöld og þjónustumiðstöð.*

Verkefnahópurinn var í samvinnu við skipulagsdeild Grindavíkurbæjar varðandi skipulag á útikennslusvæðum. Ákveðið var og samþykkt í bæjarstjórn skipulag á útisvæði í miðjum bænum. Þar verður gert ráð fyrir kennsluskýli/kofa þar sem hægt er að geyma áhöld, gróðursvæði og sviði. Um er að ræða fjölnota kennslusvæði sem nýtist bæði leik- og grunnskólum. Sjá teikningu í viðhengi nr.2. Verkefnahópurinn kom einnig að vinnu við endurhönnun skólalóðar í samvinnu við tómsunda- og íþróttasvið og ungmennaráð. Lögð var áhersla á fjölbreytt útisvæði, sjá viðhengi sem hentað getur börnum og ungmennum í námi og leik. Ákveðið var að setja upp útigrill, borð og bekki, hlaupakött og skýli fyrir nemendur. Á næsta ári verður settur upp strandblakvöllur og fleira sem tengist útiveru ungmenna, sjá viðhengi 1.

Í skógrækt Grindvíkinga við Þorbjörn hefur í samvinnu við Skógræktarfélagið verið plantað meira af trjám og unnið við aðstöðu til útikennslu. Unnið var með hráefni úr skóginum, settar upp þrautabrautir og trjádumbar nýttir sem bekkir. Í lundi í skóginum er gott að vera með útikennslu og er skólinn að byrja að kaupa áhöld t.d. pönnur til að kveikja eld o.fl. Unnið hefur verið með Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs að uppgræðslu á ákveðnum svæðum nærri skólanum. Það eru nemendur í 4. og 9. bekk sem tóku þátt í því verkefni og gera aftur í ár.

Námskeið var haldið á skólaárinu fyrir starfsmenn um útinám. Leiðbeinandi var Jakob Frímann Þorsteinsson aðjúnkt við Menntavísindasvið HÍ. Á námskeiðinu var hugað að aukinni fjölbreytni í verkefnum tengdum náttúru og heimabyggð. Einnig unnu kennarar með breyttar áherslur í umhverfikennslu. Í kjölfarið var unnið yfirlit í skólanámskrá yfir tengsl við nærsamfélagið.

### **Yngsta stig**

*Nemendur yngsta stigs fara reglulega í gönguferðir um bæinn og heimsækja fyrirtæki og stofnanir. Heimsókn á bæjarskrifstofur, í búðina, bókasafn o.fl. Einnig er farið í heimsóknir til einstaklinga sem taka á móti nemendahópum t.d. í tengslum við sauðburð. Fastar heimsóknir eru með 3.bekkinga á Ásbraut í tengslum við að brúa bil milli 3ja og 4. bekkjar. Heimsóknir eru í tengslum við vinabekki þar sem markmiðið er að yngri og eldri nemendur kynnist og eigi jákvæð samskipti.*

## Sprotasjóðsverkefni 2014-2015 - Lokaskýrsla

### **Miðstig**

Nemendur miðstigs fara í gönguferðir um bæinn og heimsækja fyrirtæki og stofnanir. Unnið er með fyrirtækjum í tengslum við ákveðin verkefni. Heimsóknir hafa verið til einstaklinga sem kynna mismunandi trúarbrögð í tengslum við trúarbragðafræðslu. Frystihús hafa verið heimsótt í tengslum við nám um fiska og hafíð. Einnig hefur nemendum verið boðið út á sjó og þeir fengið að veiða. Skemmtileg og fróðlegt samstarf hefur verið við Gróður í landnámi Ingólfs þar sem miðstignemendur planta trjám og kanna síðan afraksturinn þegar þeir eru komnir í 9.bekk.

### **Elsta stig**

Elstu nemendur skólans fara í skipulagðar heimsóknir í leikskóla bæjarins að hausti til að lesa fyrir yngstu börnin. Einnig fara nemendur og ná í og fylgja leikskólabörnum í friðargönguna. Þeir fara einnig í skipulagðar heimsóknir á elliheimili í desember og að vori og syngja og lesa upp fyrir eldri borgara. Í þessum heimsóknum eiga elstu nemendur í góðum og jákvæðum samskiptum við elstu og yngstu íbúa bæjarins.

Skólinn er í góðum tengslum við fyrirtæki í bænum sem taka einstaklinga í starfsnám. Oft er um að ræða einn til þrjú daga í viku, hluta úr degi eða heilan dag. Nemendur fá þá leiðsögn á vinnustaðnum og taka þátt í starfinu þar, kynnast starfsfólki og hvernig er að vinna við ákveðið fag. Markmiðið er að efla félagsþroska og efla sjálfstraust nemandans auk þess sem viðkomandi fær tengingu og þjálfun hjá vinnustaðnum.

Nemendum í 9. og 10. bekkjum er gefinn kostur á að fara í starfskynningu þar sem þeir dvelja í fyrirtæki ákveðinn tíma og taka þátt í starfinu og gera síðan verkefni í skólanum í tengslum við heimsóknirnar.



## Samstarfsaðilar

### Leikskólar


Samstarf Grunnskóla Grindavíkur, Leikskólans Lautar og Króks í umhverfismálum voru töluverð. Við leituðum í reynslubanka þeirra varðandi Grænfánaverkefnið. Einnig vorum við í samstarfi við leikskólana varðandi skipulagningu á útikennslusvæði í Sjómannagarðinum. Nemendur frá þessum stofnunum eru með sameiginlegar og gagnkvæmar heimsóknir og útiveru þar sem nánasta umhverfi er skoðað út frá ýmsum forsendum. S.l. vetur hófst samstarf Leikskólans Króks og grunnskólans um núvitund og jóga með börnum. Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Kennari frá Króki og annar frá grunnskólanum sjá um kennslu meðal barnanna. Markmiðið er að bæta líðan barna og kenna þeim aðferðir til sjálfshjálpar þannig að börnin finni meiri vellíðan og ró. Þetta verkefni tengist útiveru líka þar sem leiðbeinendurnir fara mikið út í náttúruna til að tengja rósemd okkar hreina lofti

## Sprotasjóðsverkefni 2014-2015 - Lokaskýrsla

og fallegu náttúru. Væntingar til þessa verkefnis eru þær helstar að almennir kennarar læri þessar aðferðir með börnunum og geti nýtt þær og haldið áfram starfinu upp á elstu stig grunnskólans.

### Codland

Codland vinnuskólinn bauð nemendum fæddum 2000 og 2001 í vinnuskóla dagana 27.-30.júlí. Codland er fyrirtæki í eigu Vísis hf. og Þorbjarnar hf. og hefur það hlutverk að stuðla að framþróun í sjávarútvegi með áherslu á fullnýtingu, þróun og samstarf. Codland hefur að leiðarljósi að hámarka nýtingu sjávarafurða og hvetja til umræðu og samstarfs sem skapar grundvöll til frekari þróunar og auknu verðmæti afurða. Markmiðið var að efla áhuga ungs fólks á sjávarútvegi og sýna þátttakendum nýja sjávarútveginn og þau víðfeðmu áhrif sem hann hefur á okkar samfélag. Nemendur fengu fræðslu um íslenskan sjávarútveg fóru í vettvangsferðir í fiskvinnslur og skip og kynntust starfsemi frumkvöðla. Einnig unnu nemendur verkefni í nýsköpun.



### Reykjanes jarðvangur – Geopark Project.

Samvinna við Reykjanes jarðvangur hefur ekki verið eins mikil og við gerðum ráð fyrir. Verkefnið er vistað í Reykjanesbæ. Bundnar eru vonir til að árangur verkefnisins skili sér í fjölgun ferðamanna á svæðinu, eflingu vísindarannsókna, meiri samvinnu og uppbyggingu í ferðaþjónustu. Nemendur okkar unnu vissulega með jarðfræði svæðisins og við búum svo vel að hafa fjölbreytt landslag allt í kringum skólann, hraun frá ólíkum tímum, gamlar eldstöðvar o.fl. Því miður tókst ekki að tengja þessi verkefni við Geopark Project en vonandi tekst okkur að finna verkefni sem tengja þessa aðila.

### Vinabæjasamstarf

#### Rovaniemi

Í samstarfi við Rovaniemi í Finnlandi var unnið verkefni er sneri að gerð útilistaverks. Um var að ræða verkefni um eld. Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins, list- og verkgreinakennarar skólans og kennarar frá Listaháskólanum unnu að verkefninu í tvær vikur með nemendum á elsta stigi. Verkefnið var unnið á svæði Þjónustumiðstöðvar og síðan flutt niður í fjöru. Við hátíðlega athöfn og beina útsendingu til Rovaniemi var síðan kveiktur eldur í listaverkunum. Tílefnið var eldhátíð í Rovaniemi og var þessi gjörningur hluti af árlegum hátíðarhöldum þar.

## Piteå

Grunnskóli Grindavíkur er þátttakandi í stóru verkefni Grindavíkurbæjar sem snýr að vinabæjarsamstarfi milli Piteå og ýmissa stofnana bæjarins. Grindavíkurbær og Piteå leggja til verkefnisstjóra sem sjá um tengingar, halda reglulega fundi samstarfsaðila og styðja við verkefnið. Liður í þessu verkefni er samstarf milli 5. bekkjar í Grindavík og 6. bekkjar í Piteå um umhverfisverkefni. Þá er fyrst og fremst verið að líta til nánasta umhverfis nemenda. Nemendur vinna kynningar á umhverfi sínu og fylgja þeim síðan eftir með orðum og myndum í beinni útsendingu til Svíþjóðar. Fleiri hugmyndir eru á teikniborðinu, m.a. er í undirbúningi verkefni þar sem kennarar frá Grindavík heimsækja skóla í Piteå og kynna sér sérstaklega verkefni tengd náttúrunni og umhverfisfræðslu (jobbskugning).

### Lítill skóli - mörg tækifæri

Um er að ræða verkefni Grunnskóla Grindavíkur, skóla í Danmörku, Eistlandi og Færeyjum sem styrkt er af Nordplus. Verkefnið fjallar um nánasta umhverfi nemenda, heimabyggðina og svæðið þar í kring og er unnið af nemendum á elsta stigi. Nemendur koma til með að fara í heimsóknir til þessara landa og vinna þar í þematengdum umhverfisverkefnum í eina viku í senn. Verkefnið fer af stað núna á haustdögum en undirbúningur stóð yfir allt s.l. ár.

### Hjólakraftur

Á skólaárinu hófst verkefnið Hjólakraftur í samstarfi við forvarnarnefnd Grindavíkurbæjar þar sem nemenur fengu að kynna því að vera úti og hjóla. Hópur nemenda kemur saman tvisvar í viku og hjólar í næsta nágrenni við Grindavík. Verkefnið var liður í að efla vellíðan nemenda í útvist og gera þá meðvitaðri um sjálfa sig og náttúruna. Nemendur hjóluðu úr Hafnarfirði til Grindavíkur og fóru í sumar hringinn í kringum landið. Í ferðinni kynntust nemendur misjöfnu landslagi, gróðurfari og veðurfari svo eitthvað sé nefnt. Verkefninu verður framhaldið á þessu ári.

## Helstu hindranir

Ef teknar eru saman helstu hindranir við verkefnið má helst nefna hvað margir þættir tóku langan tíma í framkvæmd, lengri en við reiknuðum stundum með. Áhugi starfsfólks var mikill bæði á námskeiðum og í vinnuhópum en sá áhugi nægði ekki alltaf til að framkæma eins fljótt og við vonuðumst til. Umhverfismál eru töluvert í umræðunni og við héldum að sú umræða kæmi til með að hjálpa okkur í þessu verkefni. Við komumst að því að þessi mál eru enn meira í orðum en verki og ljóst er að hugarfarsbreyting og viðhorf fólks er það sem við glímum við. Sorphirða og endurvinnslumál eru mjög skammt á veg komin á Suðurnesjum miðað við mörg önnur sveitarfélög. Þar sjáum við að sveitarfélögin þurfa að vera í forsvari og gera íbúum auðveldara fyrir og marka þarf stefnu varðandi endurvinnslu. Sveitarfélögin þurfa að taka þátt í hugarfarsbreytingu fólks og við ætlum að auka samstarf okkar við bæjaryfirvöld í þessu sambandi. Mikilvægt er fyrir nemendur okkar að þeir geti fylgt endurvinnsluverkefnum allt frá söfnun/flokkun og allt til enda hringrásarinnar og fylgst með hvað er framleitt úr endurvinnanlegu efni.

Uppbygging kennslusvæðis í Sjómannagarðinum hefur ekki gengið eins hratt og áætlun gerði ráð fyrir og kemur þar til fjármagn og undirbúningur. Undirbúningurinn felst fyrst og fremst í skipulagsþættinum og grunnvinnu á svæðinu s.s. að byggja upp skýli fyrir nemendur, plöntun í gróðurreitum o.fl.



## Helstu ávinningar

Það sem helst stendur upp úr eftir þessa þróunarvinnu er ánægja nemenda með breyttar kennsluaðferðir. Þeir eru mjög ánægðir að stunda meira útinám og bæði nemendur og kennarar eru orðnir meðvitaðri um umhverfi sitt, endurvinnslu og möguleika í náttúrunni. Með verkefni sem þessu erum við að ala upp einstaklinga sem verða meðvitaðir um holla hreyfingu, bera virðingu fyrir náttúrunni og verða virkir þátttakendur í umhverfisvernd. Mikið hefur áunnist í átt að Grænfánanum og nú ætti ekki að líða langur tími þar við við getum flaggað fánanum góða. Starfsfólk er orðið meðvitaðra um orkusparnað og efnanotkun.

Við viljum enn láta reyna á samstarf við Reykjanes jarðvang og hyggjumst finna verkefni í vetur þar sem nemendur geta látið til sín taka á jákvæðan hátt fyrir samfélagið.

Við teljum líka jákvætt að samstarf er hafið við Leikskólann Krók um núvitund og jóga. Við teljum mikilvægt að það sem nemendur læra í leikskólanum sé viðhaldið í grunnskólanum og mikilvægt að halda áfram að hvetja nemendur til að nýta sér tækni og sjálfshjálp þar sem þeir geta slakað á og bætt líðan sína.

Þrátt fyrir ákveðnar hindranir er það mat okkar að verkefnið hafi haft og muni hafa góð áhrif á skólastarfið. Nemendur eru farnir að vinna meira í útinámi, byrjuðu á því s.l. vetur og haustið fer vel af stað og kennarar eru að nota útikennslusvæðin.

Núvitund og jóga í samvinnu við leikskólann Krók verður skemmtilegt verkefni sem við vonum að komi til með að bæta líðan nemenda og skapa þeim innri ró. Einnig standa vonir til að almennir kennarar læri að vinna með þessar aðferðir í kennslustundum bæði inni og úti.





## Niðurstöður verkefnisins

Markmið verkefnisins voru sett niður í 5 liðum. Þegar skoðaðar eru niðurstöður og helsti ávinningur af verkefninu er ljóst að flest markmiðanna hafa náðst. Verkefnið var sett upp til tveggja ára og enn er verið að vinna að því sem ekki var lokið við á síðasta ári s.s. Grænfánanum. Búið er að meta stöðu umhverfismála og stofna umhverfisnefnd. Teymi er nú starfandi við að vinna enn frekar að þessu markmiði og í kaflanum um leiðir að markmiðunum má sjá hversu mikið hefur áunnist. Ánægjuleg þróun í skólanum varðandi kynningu umhverfismála með nemendum og vinnu að bættu umhverfi í okkar samfélagi m.a. í tengslum við Reykjanes fólkvang en verið er að undirbúa aukið samstarf þeirra aðila við skólann. Vinna tókst vel við tenginu útikennslu og umhverfismála inn í allt skólastarfið. Í haust hafa nemendur og kennarar verið virkir í útinámi. Útinámið hefur bæði verið notað beint inn í kennsluna og einnig sem vettvangur fyrir eflingu félagslegra tengsla, bættan bekkjaranda o.fl. Varðandi námsgreinar þá hefur verið unnið með tengingu útináms við stærðfræði, myndmennt, náttúrufræði, samfélagsfræði, dönsku, ensku og íslensku. Unnið hefur verið með flestar þessara greina á nánast öllum skólstigum. Aukið samstarf er núna við leikskólana í bæjarfélaginu. Nemendur allt frá 1. og upp í 10. bekk fara í heimsóknir í leikskólana og fá heimsóknir þaðan. Verkefni eru fjölbreytt, bæði er snúa að nánasta umhverfi, náttúrufræði, útivist í fjöru og skógi, tenging við íslensku, félagsfærni, hreyfingu o.fl. Eitt af því sem heldur áfram í verkefninu eru tengsl við Færeyjar, Eistland og Danmörk en verkefnið Lítil skóli – mörg tækifæri er farið af stað og verður framhaldið í vetur og næsta vetur. Þessa dagana er hópur nemenda frá Grindavík í heimsókn í Danmörku. Áður en nemendahópurinn fór utan var hann búinn að vinna að verkefni um sitt nærsamfélag. Hópurinn kemur til með að kynna úti ýmistlegt um sitt bæjarfélag með áherslu á sérstöðu bæjarfélagsins s.s. landsvæði, umhverfismál, rannsóknir og vinnslu á fiskafurðum, þjónustu við ferðamenn o.fl. Það verður áhugavert fyrir starfsfólk skólans og nemendur að vinna enn frekar að framgöngu þessa verkefnis í vetur, fræðast og vinna með auðlindir grenndarsamfélagsins.

## Kynning á verkefninu

Heimasíða skólans og Grindavíkurbæjar hefur flutt fréttir af verkefnum sem tengjast umhverfismálum og þessu stóra verkefni. Foreldrar hafa einnig tekið þátt í umræðum bæði með morgunfundum meðal stjórnenda og á stórum foreldrafundi (þjóðfundur) um bætt skólastarf s.l. vor. Fulltrúi foreldra situr í umhverfisteymi skólans og þegar vinna við Grænfanaverkefnið verður komin lengra verður það kynnt foreldrum bæði á heimasíðu og með kynningum í bekkjum. Kennarar hafa gert töluvert af því að kalla til foreldra þegar ákveðnum verkefnum/þemum lýkur hjá nemendum og þá er kynning, umræður og notaleg samvera. Við reynum að höfða til foreldra varðandi útiveru, útinám, samverustundir og líðan barna því öll viljum við hjálpast að þannig að nemendum okkar líði sem best og fái umhverfisfræðslu. Varðandi samfélagið í heild sinni verður vonandi góð kynning þegar bæjarfélagið stígur næstu skref í umhverfismálum líkt og þegar þeir fóru að bjóða upp á endurvinnslutunnur við íbúðarhús.

Um leið og við þökkum innilega fyrir styrkveitinguna er rétt að geta þess að verkefnið heldur áfram á vegum skólans og samstarfsaðila á skólaárinu 2015-2016 því það var hugsað sem tveggja ára verkefni í það minnsta.



## Fylgiskjöl

### 1. Ungmennagarður



## 2. Sjómannagarðurur

